

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Rjúpnaveilir, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að deiliskipulagi fyrir Rjúpnaveili. Deiliskipulag fyrir Rjúpnaveili í Landsveit (landnr. 177230) tekur til núverandi mannvirkja sem eru íbúðarhús og nokkur gestahús fyrir ferðamenn. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lunansholt 1H og 1I, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að sameiginlegu deiliskipulagi fyrir Lunansholt 1H og 1I. Um sameiginlegt skipulag er að ræða fyrir báðar lóðirnar. Í Lunansholti 1H er heimilt að byggja allt að 150 m² frístundahús og allt að 400 m² skemmu. Í Lunansholti 1I er heimilt að byggja allt að 120 m² frístundahús, allt að 60 m² geymslu og tvö gestahús, hvort um sig allt að 40 m². Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 25. febrúar 2020.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.